



Námskrá Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK



2017

*„En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt,
en þeirra er kærleikurinn mestur.“*

1. Kor. 13:13

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Saga leikskólans.....	4
Gildi leikskólans.....	5
Uppeldisfræðilegar kenningar og hugmyndafræði.....	6
Fjölgreindarkenning Howard Gardner.....	6
Tilfinningagreind Golemans	6
Að byggja á reynslunni við nýtt nám – John Dewey	6
Hugmyndafræði leikskólans.....	7
Námsumhverfi.....	7
Leiðarljós leikskóla	8
Námssviðin	10
Læsi og samskipti	13
Sköpun og menning.....	16
Sjálfbærni og vísindi	17
Heilbrigði og vellíðan.....	19
Hlutverk og fagmennska kennarans og annars starfsfólks	20
Lýðræðislegt leikskólastarf.....	20
Mat á námi og velferð barna.....	20
Sérkennsla	21
Fjölskyldan og leikskólinn.....	22
Samstarf við grunnskóla.....	23
Mat á skólastarfi.....	24
Ytra mat.....	24
Innra mat.....	24
Heimildir	25

Inngangur

Leikskólinn Vinagarður er rekinn af KFUM og KFUK á Íslandi. Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá 2008 og reglugerð við þau lög frá 2009. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Í annarri grein laga um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Lög um leikskóla nr. 90/2008.).

Í samræmi við þessi lög var gefin út aðalnámskrá leikskóla 2011 sem stefnumótandi leiðarvísir í uppeldisstarf leikskóla. Á Aðalnámskrá leikskóla 2011 byggjum við námskrá Vinagarðs. Námskráin var að mestu unnin af starfsfólki leikskólans, en auk þess komu foreldrar og börn að námskrárgerðinni. Foreldrar og börn svöruðu spurningum um það hvað skiptir máli í leikskólastarfinu og tekið var mið af þeim svörum við gerð námskrárinnar. Námskráin tekur til allra þátta skólastarfsins, birtir heildarsýn og útfærir nánar þá menntastefnu sem við viljum standa fyrir. Námskrá Vinagarðs er unnin út frá sameiginlegri hugmyndafræði starfsfólks, foreldra, barna og stefnu KFUM og KFUK á Íslandi og spegla þau gildi sem allt starf félagsins byggir á. Námskráin á að vera lifandi plagg sem er í stöðugri endurskoðun. Börn, foreldrar og starfsfólk hefur tækifæri til þess að áhrif á breytingar á henni. Endurskoðun námskrár fer fram á þriggja ára fresti.

Saga leikskólans

Vinagarður er sjálfstætt starfandi kristilegur leikskóli rekinn af KFUM og KFUK á Íslandi. Leikskólinn var stofnaður 17. nóvember 1975 og starfaði í Langagerði 1 í rúm 26 ár. Hann flutti á Holtaveg 28 í Reykjavík 2. apríl 2002 og hlaut þá nafnið Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK. Í leikskólanum dvelja daglega 95 börn frá 18 mánaða aldri og skiptist hann í 5 deildir eftir aldri barnanna. Yngstu börnin eru á Lambagarði og Ungagarði en Kópagarður og Grísagarður eru fyrir 3-4 ára börnin og Uglugarður er fyrir 5 ára börnin.



Starf leikskólans tekur mið af aðalnámsskrá leikskóla en auk þess er gengið út frá forsendum kristinnar trúar og áhersla lögð á kristna fræðslu, kristilegt siðgæði og að barnið öðlist grundvallartraust sem er viðfangsefni í trúarlegri uppeldismótun. Traust milli barns og fullorðins er

forsenda þess að barnið geti fengið traust á Guði, lífinu og öðrum mönnum (Sigurður Pálsson, 2001). Trúarleg uppeldismótun fæst einnig við þá hugsun að vegna návistar við náttúruna sé maðurinn hluti af henni, skapaður af Guði. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á að börnin læri um náttúruna, læri að bera virðingu og umhyggju fyrir henni jafnt og öllu því sem Guð hefur skapað. Vináttan í víðum skilningi þess orðs er rauður þráður í starfi leikskólans og er hún eitt af sérkennum hans. Tengist vináttan ávallt á einhvern hátt því þema sem verið er að vinna með hverju sinni.


Markmið leikskólans er að

- ala upp sjálfstæða, ábyrga einstaklinga sem elska og virða hver annan og elska náungann eins og sjálfan sig,
- miðla menningararfinum og stuðla að persónulegum þroska barnanna,

- börnin læri að njóta fegurðarinnar í sköpunarverkinu og að umgangast náttúruna af virðingu,
- skapa góðan skólaanda, þar sem hverju barni líður vel og nýtur öryggis,
- efla virðingu og sjálfstæði,
- efla frumkvæði og sköpunargleði,
- efla kristilegt siðgæði,
- í leikskólanum ríki gleði og kærleikur.

Gildi leikskólans

Leikskólinn byggir á hugmyndafræði gildanna þriggja: trú, von og kærleikur. Hér má sjá þessi gildi sett fram í formi hugarkorts.



Trú

Von

Kærleikur

Uppeldisfræðilegar kenningar og hugmyndafræði

Til viðbótar við kristilegt siðgæði og trúarlega uppeldismótun sækir leikskólinn hugmyndir til fræðimannana Howard Gardners, Daniel Goleman og John Dewey.

Fjölgreindarkenning Howard Gardner

Í fjölgreindarkenningu sinni fjallar Gardner um átta meginflokka greindar. Flokkarnir eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Samkvæmt Gardner snýst greind um hæfileika til þess að leysa þrautir og vandamál frekar en niðurstöður greindarprófa. Gardner leggur áherslu á mikilvægi þess að viðurkenna og leggja rækt við þær greindir sem maðurinn býr yfir (Thomas Armstrong, 2001).

Tilfinningagreind Golemans

Tilfinningagreind er samsett úr fimm lykilþáttum. Þættirnir eru hæfni til að þekkja eigin tilfinningar, hæfni til að stjórna eigin tilfinningum, hæfni til að setja sig inn í tilfinningalegt ástand, hæfni til að taka tillit til tilfinninga annarra og hæfni í mannlegum samskiptum. Goleman bendir á að greindarpróf spái ekki fyrir um gengi fólks í skóla, vinnu og lífinu almennt. Hann telur að tilfinningagreind geti spáð betur fyrir um árangur einstaklinga en greindarvísitala (Daniel Goleman, 1995).

Að byggja á reynslunni við nýtt nám – John Dewey

John Dewey vildi að skólaumhverfið væri jákvætt, vingjarnlegt og að kennarinn væri vinalegur leiðbeinandi. Hann vildi gera skólann að samfélagi þar sem börn lærðu að vinna í félagslegri heild og þróa með sér sjálfsvitund og skilning. Dewey lagði megináherslu á að virkja barnið og vekja áhuga þess. Hann trúði því að kjöraðstæður fyrir nám væru þegar barn gæti tengt nýtt við fyrri reynslu. Hann taldi námsumhverfið mikilvægt og að það væri hlutverk kennara að hafa það hvetjandi fyrir vöxt og þroska barns (John Dewey, 1940).

Út frá kenningu Deweys skiptast áhugasvið barna í fjóra þætti:

- mikilvægi samveru og samskipta,
- áhugi á að rannsaka og uppgötva,
- áhugi á því að skapa, móta og raða saman hlutum,

- áhugi á listrænni tjáningu t.d. myndlist, tónlist og hreyfingu.

Samkvæmt Dewey á skólaumhverfið að vera þannig að börn hafi tækifæri til að sinna öllum þessum áhugasviðum. Hvetja þarf börn til tilrauna með efnivið, orð og hugtök. Börn geta skipulagt og útfært eigin hugmyndir, áherslan skal fremur vera á ferlið en útkomuna (John Dewey, 1940).

Hugmyndafræði leikskólans

Starfsfólk Vinagarðs notast við námsefni af ýmsum toga til að fræða börnin almennt um tilfinningar og hvetja til umræðu um þær. Má þar nefna bækur á borð við Tilfinning eftir Maríu Rius, Bínu bálreiðu eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Hvað get ég gert, bókaröð eftir Dawn Huebner, klínískan sálfræðing, þar sem tekist er á við líðan barna. Einnig lýsandi myndaspjöld, spil þar sem unnið er með margvísleg svipbrigði og ýmis verkefni tengd vináttu. Á Vinagarði er starfið skipulagt þannig að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín. Boðið er upp á fjölbreytileika í vali á viðfangsefnum og leikefni bæði úti og inni t.d. dæmis með tónlistarstunudm, danskennslu, vettvangsferðum og sögugerð. Lögð er áhersla á að börnin læri sjálf að leysa ágreiningsmál sín á milli.

Námsumhverfi

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla og þar sem það þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks þarf það að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja. Hönnun þess, nýting og skipulag þarf einnig að taka mið af reynslu og þroska ólíkra barna. Til þess að börn geti nýtt það á ýmsa vegu þarf umhverfið að vera sveigjanlegt. Börnin þurfa að geta farið frjálst frá einum stað til annars, fengið hugmyndir og nýtt efnivið sem þar er að finna (Aðalnámskrá



leikskóla, 2011).

Húsnæði Vinagarðs er í tveimur byggingum. Í skipulagi þess er leitast við að stuðla að samskiptum milli barna, milli starfsfólks og barna og milli starfsfólks og foreldra. Eins og

kveðið er á um í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er á hverri deild að finna svæði þar sem leikur og nám fer fram í litlum hópum, rými þar sem börn geta verið í ró og næði og einnig rými þar sem hægt er að leika í stærri hópum. Í húsnæðinu er sömuleiðis að finna stóran sal og rými þar sem svigrúm er fyrir fjölbreytta hreyfingu. Boðið er upp á margbreytilegan og hvetjandi efnivið og leikefni sem ætti að höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri og þess gætt að aðgengi sé gott. Leikskólinn Vinagarður býr að því að eiga vandaða og vel útbúna leikskólalóð, auk þess að hafa aðgang að stórri lóð sem býður upp á margvíslega möguleika. Þar hefur verið útbúin sleðabrekka sem nýtist vel yfir vetrartímann og á sumrin er þar boðið upp á hópleiki, fótbolta, þrautabrautir og annað sem börnin kunna að stinga upp á. Lóðirnar eru nýttar þannig að ekki eru öll börnin á sama svæði í einu og fá þau þannig aukið svigrúm í leik sínum. Börn og foreldrar hafa fengið að hafa áhrif m.a. á skipulag leikskólalóðarinnar og þróað með starfsfólki fjölbreytileika í landslagi, jarðvegi, gróðri, efniviði og leiktækjum.



Leikskólinn Vinagarður er einstaklega vel staðsettur í Laugardalnum og nýtur hann góðs af mikilli nánd við náttúruna. Vikulega er börnunum boðið upp á gönguferðir um dalinn þar sem þau fá auk hreyfingar og fræðslu, tækifæri til rannsókna, uppgötvana og að geta sótt sér fjölbreyttan efnivið í verkefni sín. Húsdýra- og

Grasagarðurinn eru einnig heimsóttir reglulega.

Leiðarljós leikskóla

Formleg menntun einstaklinga hefst í leikskóla, fyrsta stigi skólakerfisins. Þar á velferð og hagur barnsins að vera leiðarljós í öllu starfi, því skal veitt umhyggja, hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðlað að öryggi þess og vellíðan. Í leikskóla fer fram samþætt nám sem tekur til allra grunnþátta menntunar. Leikskólinn Vinagarður notast við leiðarljós

Aðalnámskrár Leikskóla (2011) til að vísa sér veginn í mótun leikskólastarfsins. Þau eru m.a. þessi:


- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.
- Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.



Námssviðin

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla. Námssvið leikskólans eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Þessi fjögur námssvið byggja á sex grunnþáttum menntunar en þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Gildi leikskólans Vinagarðs, trú, von og kærleikur, ramma inn starfið með barninu. Kærleikurinn er undirstaða alls starfsins. Þessum



gildum er miðlað með hvers konar fræðslu, í samskiptum milli barna og í samskiptum við hina fullorðnu. Hér má sjá nánari útlitun á gildum leikskólans í formi hugarkorta.







Læsi og samskipti



„Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 42)

Á Vinagarði er lögð áhersla á læsi í víðum skilningi. Meðal leiða til að ná því markmiði er unnið markvisst með bernskulæsi. Í bæklingnum Lesið í leik – læsisstefna leikskóla segir

Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsisþátta; hljóðkerfisvitundar, bókstafapekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar. Í bernskulæsi mótast einnig viðhorf barna til læsis og vitund þeirra um tilgang þess auk þess sem málfærni leggur grunn að fyrstu skrefum barna við að tileinka sér læsi og síðar lestrarfærni. (Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar, 2013,bls.3)

Læsisstefna Vinagarðs er sett upp sem hugarkort (sjá bls.13 og 14). Þar er henni skipt í skipulagt starf, útistarf og frjálsan leik. Hver þáttur er síðan útfærður nánar. Unnið er út frá barninu, reynslu þess og áhugasviði, t.d. er unnið með staf barnsins í leik og út frá bókinni Lubbi finnur málbein. Unnið er með orðaforða, orð tekin út og útskýrð og leikið með þau svo eitthvað sé nefnt.





Sköpun og menning

„Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls.45) Leikskólinn lítur á skapandi starf sem grundvallarþátt í námi og þroska barna þar sem stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð. Við leitumst við að hafa opinn efnivið sýnilegan og fjölbreyttan og leggjum okkur fram við að hlusta á hugmyndir barnanna. Við hlustum eftir áhugasviði þeirra og leyfum ímyndunarafli þeirra að njóta sín. Reynt er að leita leiða sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum. Í skapandi starfi er fyrst og fremst lögð áhersla á ferlið en ekki útkomuna (sjá nánar J.



Bruner).

Á Vinagarði læra börnin um sögu okkar, menningu og hefðir. Bóndadagur er dæmi um slíkt. Þá mæta börnin í einhverri flík úr lopa, eru frædd um gamla tímann og fá að smakka þorramat. Börnin læra þulur, kvæði og gamlar vísur en það ýtir undir menningarläsi. Einnig fögnum við 17. júní með skrudgöngu og tilheyrandi hátíðarhöldum. Á afmælisdegi hvers barns er íslenski fáninn dreginn að húni, barnið útbýr kórónu, boðið er upp á kræsingar í kaffitímanum og afmælisöngurinn og sunginn.



Reglulega fáum við góðar heimsóknir listamanna sem sett hafa upp brúðuleikhús, dans- og jafnvel sirkussýningar fyrir börnin og árlega fara börnin á sýningu Brúðubílsins. Sjálf hafa börnin fengist við leiklist, bæði í hópastarfi og í jólahelgileiknum, þar sem þau koma að öllum þáttum sýninganna.

Kirkjuheimsóknir í Áskirkju um jól og páska er mikilvægur og ánægjulegur þáttur í menningarfræðslu leikskólans en mánaðarlegar heimsóknir djákna kirkjunnar hafa einnig reynst vel. Boðið upp á tónlistarstundir á hverri deild þar sem unnið er með takt og hin ýmsu hljóðfæri.



Elstu börnin fara í Fríðuhús (dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun) einu sinni í mánuði og syngja fyrir skjólstæðinga og eiga samverustund með þeim. Börn og fullorðnir sameinast á stundum þar sem sungnir eru gamlir og nýir söngvar og sagðar sögur. Börnin fá tækifæri til þess að læra um liðna tíma um leið og eldra fólkið fær tækifæri til að fylgjast

með vaxandi kynslóð. Vinátta og kærleikur er ávallt undirliggjandi þráður á þessum stundum. Sólheimabókasafn hefur boðið elstu börnunum að koma í sögustund um það bil einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann. Starfsmaður safnsins les sögur fyrir hópinn og börnin fá tíma til þess að skoða bækur í rólegheitum. Elstu börnunum er boðið í Hörpuna á sinfóníutónleika og þeim er einnig boðið í heimsókn í Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið. Þau fara í heimsókn á Árbæjarsafnið þar sem þau fá leiðsögn um svæðið og fá síðan að leika sér í skemmtilegu leikfangasafni þar sem handfjatla má alla sýningarmuni. Eins fara börnin í hinar ýmsu vettvangsferðir t.d. í Sorpu, í heimsókn til Landhelgisgæslunnar og víðar. Þegar börnin útskrifast frá leikskólanum fara þau í útskriftarferð á Suðurnesin.

Sjálfbærni og vísindi

„Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn

við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 44)

Á Vinagarði er unnið að því að fá börnin til að velta fyrir sér umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi. Þau fá fræðslu um mikilvægi eigin vistspora og hvernig þau geta stuðlað að sjálfbærri þróun. Börnin taka virkan þátt í að flokka og endurnýta og fræðast um margvíslegar auðlindir náttúrunnar og nýtingu þeirra og hvernig



sporna má gegn ýmis konar sóun, t.d. á mat og pappír. Við nýtum nærumhverfi leikskólans til að fræðast um náttúruna, t.d. heimsækja börnin reglulega Grasagarðinn og rannsaka þar gróðurinn og Húsdýragarðinn þar sem þau skoða dýrin sem þar eru. Þau fara í rannsóknargönguferðir og skoða þar m.a. fugla og skordýr.



Einnig tína elstu börnin rifsber og búa til sultu úr þeim. Leikskólinn leitast við að skapa börnunum tækifæri til að velta vöngum yfir eiginleikum ýmissa efna og hluta, stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum sem og rými fjarlægðum og áttum. Í gegnum þemavinnu fræðast börnin um jörðina, vatnið og loftið en þar fá þau t.d. tækifæri til að gróðursetja og fylgjast með því ferli, auk þess að gera tilraunir með vatn, loft og jarðveg.

Heilbrigði og vellíðan

„Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011)



Á Vinagarði er stuðlað að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja fyrst og fremst áherslu á kærleika og umhyggju. Daglega er boðið upp á fjölbreytta hreyfingu, ögrandi og krefjandi útivist, sem stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Markmiðið er að barnið skynji líkama sinn og nái betri stjórn á hreyfingum

sínum og örvi jafnvægisþynjun sína. Einnig að það þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda. Boðið er upp á hollan og næringarríkan mat og góða slökun og hvíld.

Einnig er börnunum leiðbeint um persónulega umhirðu. Starfsfólk leggur sig fram við að styrkja jákvæð samskipti þeirra og stuðla að félagslegum tengslum og tilfinningalegu jafnvægi hvers barns. Danskennsla er hluti af námskrá leikskólans og fara öll börnin af eldri deildum í dans. Að vori bjóða börnin foreldrum sínum á danssýningu.



Boðið er uppá sundnámskeið fyrir elstu börnin á leikskólanum.

Hlutverk og fagmennska kennarans og annars starfsfólks

Kennarar þurfa að vera til staðar fyrir börnin bæði í leik og öllu daglegu starfi ásamt því að sýna þeim umhyggju, vera hvetjandi, styðjandi og stuðla að jákvæðum samskiptum. Þeir eiga að leitast við að skapa góðan skólabrag, hvetjandi námsumhverfi og réttlátar vinnureglur. Einnig eiga þeir að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni ásamt því að örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun, grípa áhuga og hugmyndir barnanna og nýta forvitni þeirra og ímyndunarafl (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Lýðræðislegt leikskólastarf

Aðalnámskrá leikskóla (2011) leggur áherslu á lýðræði í leikskólastarfi og leitar starfsfólk Vinagarðs ávalt leiða til þess að börnin hafi sem mest um starfið að segja. Í gildum leikskólans *trú, von og kærleika*, speglast lýðræðið í hnotskurn.

Vikulega er boðið upp á frjálst val þar sem börnin geta valið sér valsvæði og er starfsfólki raðað niður á svæði eftir fjölda barna. Þannig er alltaf mögulegt að komast á það valsvæði sem barnið kys helst að fara á.

Í hópastarfi leikskólans er hlustað eftir röddum barnanna (sbr. 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna). Þau koma fram með hugmyndir út frá þemanu, ákveða sjálf hvernig þau vilja framkvæma þær og útfæra. Með þessu móti er unnið að sterkari sjálfsmynd hvers og eins og borin virðing fyrir réttindum og hæfileikum allra barna. Með lýðræðislegum kosningum, þar sem meiri hlutinn ræður, fá börnin að hafa áhrif á til dæmis hvaða bók er lesin í sögustund, hvaða lög eru sungin eða hvert er farið í göngutúr. Með þessu móti eru þau einnig virkir þátttakendur í ákvörðunum um eigið nám og starf. Einnig eru þau að læra til lýðræðis í gengum lýðræðisleg vinnubrögð. Við kennum börnunum að lýðræðinu fylgir ábyrgð og það snýst ekki einungis um réttindi heldur líka skyldur og ábyrgð.

Mat á námi og velferð barna

Foreldrasamtöl

Á hverju skólaári er foreldrum boðið upp á foreldrasamtal þar sem rætt er um þroska, námsferil og líðan barnsins.

Ferilmöppur

Hverju barni fylgir ferilmappa en hún er safn verka barnsins og námsferils. Ferilmappa getur sagt sögu barnsins, hvað það kann og getur. Einnig gefur ferilmappan upplýsingar um áhugasvið barnsins, hæfni þess og kunnáttu.

TRAS

TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Skráningalistinn er ætlaður til stuðnings fyrir fagfólk leikskóla til að það geti á markvissan hátt skipulagt málörvun í daglegu leikskólastarfi. Skráningin gefur vísbendingar um hvar barnið er stött í málþroska á ákveðnum tímamarki og hvernig málþroski þess þróast. Allir deildarstjórar og sérkennari hafa sótt TRAS námskeið og hver deildarstjóri sér um að skrá öll börnin á sinni deild. TRAS skráningarlistinn er á sama hátt gott tæki til fyrir kennarana til að geta á marvissann hátt skipulagt málörvun í daglegu starfi leikskólans.

HLJÓM - 2

HLJÓM -2 er greiningartæki til að athuga hljóðkerfisvitund hjá börnum áður en þau hefja grunnskólagöngu. Það er framkvæmt af kennurum skólans sem hafa til þess réttindi. Öll elstu börn leikskólans fara í gegnum það próf.

Sérkennsla

Mikilvægur grunnur er lagður að málþroska og læsi barna í leikskólanum. Ýmis matstæki eru notuð til skimunar og skráningar til að auðvelda mat á því hvort þörf sé á snemmtækri íhlutun og nánara mati. Má þar nefna AEPS - listann, Smábarnalistann, íslenska þroskalistann, Efi - 2, Kuno Beller matslistann, ásamt TRAS og HLJÓM-2 eins og áður hefur komið fram. Þurfi barn sérstakan stuðning er unnin einstaklingsnámskrá í samráði við foreldra og sérfræðinga á Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar (Laugardal - Háaleiti). Sérkennslan fer fram ýmist inni í barnahópnum eða í einstaklingsvinnu. Sérkennslustjóri hefur umsjón með sérkennslu í leikskólanum, skipuleggur og ber ábyrgð á framkvæmd og endurmati hennar í samráði við foreldra, deildarstjóra, sérkennslufulltrúa og aðra sem koma að málefnum barnsins.

Fjölskyldan og leikskólinn

Við upphaf leikskólagöngunnar er lögð áhersla á að leggja góðan grunn að samstarfi við foreldra þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að þetta samstarf byggist á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Einnig þarf að ríkja traust milli þessara aðila og að þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn. Mikilvægt er að upplýsingaflæði milli foreldra og kennara sé gott, deildarstjóri ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og tengslum við foreldra. Við upphaf leikskólagöngunnar er foreldrum boðið upp á foreldrasamtal við deildarstjóra, auk þess er foreldrum boðið upp á skipulögð foreldrasamtöl einu sinni yfir veturinn. Þess utan geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali við kennara, deildarstjóra, sérkennara eða leikskólastjóra. Í upphafi hverrar haustannar er haldinn foreldrafundur þar sem starfið er kynnt og boðið er upp á opna umræðu. Daglega skráir starfsfólk viðburði dagsins í þar til gerða dagbók sem staðsett er fyrir framan hverja deild, foreldrum til upplýsinga um allt það sem fram fór þann daginn.

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Foreldraráðið er starfandi samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Í foreldraráði eiga sæti að minnsta kosti þrjú fulltrúar og eru þeir kosnir ár hvert til eins árs. Hlutverk foreldraráðs er meðal annars að gefa umsagnir til leikskóla um starfsáætlun og aðrar áætlanir, ásamt því að hafa umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfsemi skólans. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera stuðningur við starfsemi leikskólans og styrkja samfélag foreldra og barna við leikskólann. Einnig kemur foreldrafélagið að ýmsum viðburðum og skemmtunum tengdum leikskólanum og má sem dæmi nefna fræðslukvöld fyrir foreldra og starfsmenn, haustferð í Vatnaskóg og brúðusýningar fyrir börnin. Sömuleiðis kemur foreldrafélagið að skipulagningu og umsjá vorhátíðar og jólaballs. Skapast hefur skemmtileg hefð hjá foreldrafélaginu þar sem það gefur starfsmönnum einn frídag á launum og hafa þá foreldrar komið og unnið heilan dag eða skipt með sér deginum og unnið fyrir þann starfsmann sem á frí þann dag. Gefur þetta foreldrum gott tækifæri til að kynnast starfsemi leikskólans, börnum og starfsmönnum hans. Þetta verkefni hefur vakið mikla ánægju meðal foreldra og barnanna sérstaklega, en þeim hefur þótt gaman að fá foreldra sína inn í starfið og fá tækifæri til að sýna þeim daglegt líf í leikskólanum.

Samstarf við grunnskóla

Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Samstarf Vinagarðs við Langholtsskóla hefur jafnan verið gott og samstarfverkefnum hefur fjölgað með árunum. Að hausti sækir deildarstjóri elstu barna sameiginlegan fund með Langholtsskóla og öðrum leikskólum í hverfinu. Þar er dagskrá vetrarins ákveðin. Eftirfarandi eru dæmi um samstarf elstu deildar Vinagarðs og Langholtsskóla:

- Dagskrá í Langholtsskóla á *Degi íslenskrar tungu* þar sem börnin fá fræðslu um Jónas Hallgrímsson og leikskólabörnin koma fram með atriði.
- Leikskólabörnum er boðið á jólaleikrit í desember sem 6. bekkur setur upp.
- Fyrsti bekkur kemur í heimsókn með boðskort fyrir skólaheimsókn í leikskólana ásamt nemendum í 7. bekk sem lesa fyrir börnin.
- Skólaheimsókn í Langholtsskóla þar sem leikskólabörn koma í tíma og fá að kynnst skólafarfinu. Auk þess fara börnin í heimsókn í frístundheimilið Gláðheima og kynnst starfinu þar.
- Dagur í dalnum þar sem allir hittast við Þvottalaugarnar, skreyta tré, syngja og leika sér saman.
- Útivistardagur á lóð Langholtsskóla þar sem börnin fara á milli stöðva í hina ýmsu leiki.
- Frístundaheimilið Dalheimar hefur verið í samstarfi við Vinagarð og hafa börn þaðan komið einu sinni í viku til að taka þátt í leikskólafarfinu.

Suðurhlíðaskóli er vinaskóli Vinagarðs. Börn úr 1.-4. bekk koma í heimsókn og svo fara elstu börnin á Vinagarði í heimsókn til þeirra. Þetta samstarf hefur reynst mjög vel.

Þar sem Vinagarður er einkarekinn leikskóli er hann ekki eignilegur hverfisleikskóli og börnin koma víðsvegar af höfuðborgarsvæðinu. Auk samstarfs við Langholtsskóla og Suðurhlíðaskóla

fara börnin í undirbúningsheimsóknir í þá grunnskóla sem þau koma til með að ganga í. Þegar börnin fara yfir í grunnskóla fylgja þeim niðurstöður helstu matslista og prófana. Ef ástæða þykir til fara deildarstjóri og/eða sérkennslustjóri á skilafund með starfsfólki grunnskólans og frístundaheimilis og veitir upplýsingar.

Mat á skólastarfi

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) segir „*mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum.*“ Matið er tvíþætt; ytra mat sem framkvæmt er af utanaðkomandi aðila sem vinnur á vegum ráðuneytis mennta- og menningamála, sveitafélags eða annarra aðila. Og hins vegar innra mat sem framkvæmt er af skólunum sjálfum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Það matstæki sem unnið er eftir er „*Barnið í brennidepli*“ og „*ECERS*“ kvarði til að meta leikskólastarf

Ytra mat

Reykjavíkurborg og Mennta- og menningarmálaráðuneytið framkvæma ytra mat. Skóla- og frístundasvið (SFS) hefur eftirlit með að leikskólar fylgi Aðalnámskrá leikskóla (2011) og að starfsemi þeirra samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla.

Skóla- og frístundasvið sendir reglulega út rafræna könnun á foreldra sem ætlað er að kanna viðhorf þeirra til leikskólans. Niðurstöður könnunarinnar gefa starfsfólki góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir þriggja ára áætlanir um ytra mat, úttektir og kannanir sem miða að því að veita upplýsingar um starfsemi leikskóla. Ytra mat á vegum ráðuneytisins byggist á fjölbreyttum gögnum eins og heimsóknum í skóla, athugun á kennslu, viðtölum og skriflegum gögnum frá skólum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Innra mat

Innra mat leikskólans er framkvæmt af starfsfólki, foreldrum og börnum leikskólans og lögð er áhersla á virka þátttöku allra. Með fjölbreyttum gögnum er lagður grunnur að innra mati skólans en til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið er nauðsynlegt að afla upplýsinga með margvíslegum hætti. Starfsfólk leikskólans endurmetur starf sitt á deildarstjórafundum, deildarfundum og á starfsdögum. Foreldrar koma aðallega að mati skólastarfsins í gegnum

foreldraviðtöl sem eru einu sinni yfir veturinn en einnig í gegnum dagleg samskipti við starfsfólk leikskólans. Foreldraráð skilar á hverju ári umsögn um starfsáætlun og skóladagatal skólans. Í árlegri starfsáætlun eru birtar niðurstöður innra mats og eru þær nýttar til umbóta og skipulagningar á starfi leikskólans.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Armstrong ,T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni* (2.útgáfa). Reykjavík: JPV útgáfa.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (1989) Sótt af

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Bruner, J. (1969): *The Process of Education*. Cambridge: Harvard University Press.

Dewey, J. (1940). *Education Today*. The need for a Philosophy Education. New York: G.P. Putmans's Sons.

Goleman, Daniel. (2000). *Tilfinningagreind*. (Áslaug Ragnarsdóttir þýddi). Reykjavík: Iðunn.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Sigurður Pálsson. (2001). *Börn og trú*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar. (2013). *Lesið í leik – læsisstefna leikskóla*. Reykjavík: Höfundur

Aðstoð við námskrángerð og yfirlestur:

Dr. Gunnar Egill Finnbogason prófesssor Menntavísindasviði HÍ

Halla Jónsdóttir lektor Menntavísindasviði HÍ

Guðmundur Sighvatsson fyrrverandi skólastjóri Austurbæjarskóla

Umsögn:

Eva Harðardóttir ritari foreldraráðs Vinagarðs, aðjúnkt víð Menntavísindasvið HÍ